

## Nefndarálit

### um frumvarp til laga um breytingu á lögum um rekstraraðila sérhæfðra sjóða og lögum um verðbréfasjóði (stjórnvaldsfyrirmæli).

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund gest frá fjármála- og efnahagsráðuneyti.

Nefndinni barst eitt erindi frá fjármála- og efnahagsráðuneyti sem er aðgengilegt undir málinu á vef Alþingis.

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á lögum um rekstraraðila sérhæfðra sjóða, nr. 45/2020, og lögum um verðbréfasjóði, nr. 116/2021. Markmið frumvarpsins er að kveða skýrt á um lagastoð til innleiðingar á Evrópuugerðum með stjórnvaldsfyrirmælum, jafnframt að framangreindir lagabálkar endurspegli verkaskiptingu sem viðhöfð hefur verið á milli fjármála- og efnahagsráðuneytis og Seðlabanka Íslands á síðustu árum við innleiðingu undirgerða frá stofnum Evrópusambandsins. Frumvarpið varðar einkum lagatæknileg atriði sem kunna að greiða fyrir tímanlegri innleiðingu Evrópuugerða sem teknar eru upp í EES-samninginn þ Að öðru leyti eru áhrif þess óveruleg.

Að framangreindu virtu leggur meiri hlutinn til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt**. Þórdís Kolbrún R. Gylfadóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 8. apríl 2025.

Arna Lára Jónsdóttir,  
form., frsm.

Ragna Sigurðardóttir.

Marta Wieczorek.

Sigmar Guðmundsson.

Sigmundur Ernir Rúnarsson.